



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þann 8. júní 2026 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 16:00.

Á fundinn voru mætt Vigdís Elva Þorgeirsdóttir, Ragnheiður Erla Stefánsdóttir, Davíð Birkir Tryggvason, Eydís Inga Sigurjónsdóttir og Ástrós Elísdóttir.

Ragnar Rögnvaldsson boðaði forföll og Ástrós Elísdóttir mætti í hans stað.

Fundinn sátu jafnframt Elín Ósk Ómarsdóttir og Guðlaugur Siggí Hannesson.

Vigdís Elva Þorgeirsdóttir aldursforseti boðaði fundinn, setti hann og stýrði kjöri oddvita sbr. 2. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Davíð Birkir Tryggvason var tilnefndur sem fundarritari, var tillagan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Dagskrá:

1. Kosning oddvita og varaoddvita

Fram fór kjör oddvita og lagt var til að Ragnheiður Erla Stefánsdóttir yrði kjörin oddviti sveitarstjórnar. Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Þá fór fram kjör varaoddvita og lagt var til að Eydís Inga Sigurjónsdóttir yrði kjörin varaoddviti sveitarstjórnar. Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Oddviti tók við fundarstjórn.

Oddviti tilkynnti fundarmönnum um að sveitarfélaginu hafi borist beiðni um styrk frá Björgunarsveitinni Strönd vegna hátíðarinnar *Hetjur hafsins* árið 2026. Oddviti lagði til að beiðnin yrði tekin fram undir 6. lið, önnur mál, á dagskrá fundarins. Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum í samræmi við 2. mgr. 27. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Vigdís Elva Þorgeirsdóttir lagði til að beiðni Sýslumannsins á Norðurlandi vestra um umsögn vegna tækifærisleyfis Harbour Restaurant yrði jafnframt tekin fyrir undir sama dagskrárlið. Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum í samræmi við 2. mgr. 27. gr. sömu laga.

2. Skýrsla kjörstjórnar um sveitarstjórnarkosningar 2026

Fyrir fundinum lá skýrsla kjörstjórnar þar sem kom m.a. fram að á kjörskrá hafi verið 352 og atkvæði greidd á kjörstað 241. Utankjörfundaratkvæði voru 69 eða alls 310 atkvæði.

Atkvæði féllu þannig:

S listi Samfylking og óháðir 132

K listi Fyrir Skagaströnd 122

AE VEF
GB
DB
RE



B listi Framsókn og óháðir 51
Auðir seðlar voru 3 og ógildir 2

Samkvæmt framansögðu hafa eftirtalin hlotið kjör til sveitarstjórnar:

S listi Ragnheiður Stefánsdóttir
K listi Vigdís Elva Þorgeirsdóttir
S listi Davíð Birkir Tryggvason
K listi Ragnar Rögnvaldsson
B listi Eydís Inga Sigurjónsdóttir

Næstu sæti (varamenn) skipa:

S listi Hugrún Sif Hallgrímsdóttir
K listi Ástrós Elísdóttir
S listi Stefán Sveinsson
K listi Jóhann Guðbjartur Sigurjónsson
B listi Guðlaugur Siggi Hannesson

Var skýrsla kjörstjórnar lögð fram til kynningar.

3. Handhafi prókúru og umboð vegna bankaviðskipta

Á meðan ekki er starfandi sveitarstjóri hjá sveitarfélaginu er lagt til að oddviti sem staðgengill sveitarstjóra fái tímabundið prókúru, þar til sveitarstjóri hefur verið ráðinn. Lagt er til að Davíð verði falið að ganga frá viðeigandi tilkynningu til Skattsins.

Útprintað umboð vegna bankaviðskipta var afhent oddvita og verður það undirritað að fundi loknum.

4. Ráðning sveitarstjóra

Oddviti lagði fram tillögu um að starf sveitarstjóra verði auglýst og ráðningarstofa verði fengin til að annast auglýsingu og ráðgjöf við ráðningarferli. Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Oddvita var falið að fá tilboð frá ráðningarstofum og semja um að ein þeirra annist ofangreint.

Oddviti verður staðgengill sveitarstjóra þar til nýr aðili hefur störf.

5. Siðareglur sveitarstjórnar

Fyrir fundinum lágu siðareglur sveitarstjórnar sem samþykktar voru á fundi sveitarstjórnar Skagastrandar 13. ágúst 2014. Reglurnar ná til sveitarstjórnar og allra sem kjörnir eru til setu í nefndum á vegum sveitarfélagsins. Sveitarstjórnarfulltrúar höfðu kynnt sér reglurnar og voru þær staðfestar á fundinum.

6. Önnur mál

Styrkbeiðni frá Björgunarsveitinni

Oddviti las upp beiðni frá Björgunarsveitinni Strönd um auka styrk vegna bæjarhátíðarinnar Hetjur hafsins. Í beiðninni kom fram að það hafi fyrirfarist að sækja um styrk í uppbyggingarsjóð SSNV. Því sé leitað Sveitarfélagsins um sömu styrkfjárhæð. Beiðnin hljóðar upp á 800.000 kr.

AE VEF
ARB RES



Sveitarstjórn lýsir yfir vilja til að styðja við hátíðina en telur ástæðu til að óska eftir frekari upplýsingum áður en beiðnin verður tekin fyrir. Tillagan var samþykkt með fimm samhljóða atkvæðum. Oddvita var falið að óska eftir frekari upplýsingum.

Skemmtanaleyfi frá Harbour Restaurant.

Fyrir fundinum lá beiðni um umsögn sem sveitarstjórn hafði veitt þann 04.06.2026, utan boðaðs fundar, frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra vegna umsóknar frá Harbour Restaurant um tækifærisleyfi sökum skemmtunar sem haldin yrði í Félagsheimilinu Fellsborg dagana 05.06.2026 og 06.06.2026. Var umsögnin formlega tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Yfirlýsing um trúnaðar- og þagnarskyldu.

Fundarmenn undirrituðu útprentuð eintök af yfirlýsingu um trúnaðar- og þagnarskyldu.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 16:10.

Vigdís Elva Þorgeirsdóttir
Astrós Elisdóttir
Dawid B. Tryggvason
Eydis Inga Björnsdóttir
Ragnheiður Stefánsdóttir